



Skipulagsfulltrúi – Þórður Már Sigfússon  
Sveitarfélagið Dalabyggð  
Miðbraut 11  
370 Búðardal

Reykjavík, 9.7.2020

**Varðar:** Tillaga að deiliskipulagi fyrir vindorkuver á jörð Sólheima.

Qair Iceland óskar hér með eftir að hefja vinnu að tillögu að deiliskipulagi fyrir vindorkuver í landi Sólheima í Dölum í samræmi við áætlanir fyrirtækisins um uppbyggingu vindorkugarðs á jörðinni. Tillaga að deiliskipulagi yrði unnin í samræmi við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 þar sem afmarkað er iðnaðarsvæði fyrir vindorkuver á jörð Sólheima.

Tillaga að deiliskipulagi yrði unnin í samræmi við þær áherslur sem settar eru fram í breytingu á aðalskipulagi þar sem allar meginforsendur verkefnisins koma fram og fjallað er um stefnu og uppbyggingu á svæðinu.

Qair telur ekki þörf á vinnslu lýsingar á deiliskipulagi þar sem allar meginforsendur liggja fyrir í aðalskipulagi, í samræmi við 5.2.2. gr. Skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar varðandi gerð lýsingar deiliskipulags.

Sé óskað frekari upplýsinga er sjálfsagt að verða við því.

Virðingarfyllst

f.h. Qair Iceland

*Gréta Hlín Sveinsdóttir*  
**Efla Verkfræðistofa**